

Fréttir

DV

Kona á Vopna- firði hundrað ára í gær

Vopnfirsk kona varð hundrað ára gömul í gær. Ingibjörgu Albertsdóttur var haldið hóf í tilefni tímamótanna og heiðruðu yfir 30 manns afmælisbarnið.

Ingibjörg var um árabil ráðs-kona á Hrappstöðum og ekki eru nema fimm ár síðan hún lét af störfum. Hún er vel á sig komin líkamlega utan hvað hún er blind og ekki treysti hún sér til að tala í síma.

Vinkona hennar, Óluf Helga-dóttir, sagði að Ingibjörg hefði verið hraust og sístarfaði þar til fyrir fám árum að hún féll og slasaðst. Ekki hefði Ingibjörg lagt frá sér þrjónana fyrr en hún var hætt að sjá.

Menn rekur ekki minni til að nokkur Vopnfirðingur hafi á þessari öld náð álíka aldri og Ingibjörg. pv

Eldur í porti í Austurstræti 17

Eldur kom upp í rusli í porti á bak við Austurstræti 17 aðfaranótt laugardags. Var slökkvilið kvatt á vettvang um fjögurleytið og hafði eldurinn þá komist í skúrbyggingu í portinu sem tilheyrir Austurstræti 15. Nokkuð greiðlega gekk að slökkva eldinn sem var í þann mund að lesa sig í bakbyggingar. Þurfti þó að rífa skúrinn töluvert til að komast fyrir eldinn. Eldsupptök eru ókunn. -hlh

Maður slasast um borð í Hjörleifi RE

Þyrla Landhelgisgæslunnar náði í slasaðan mann um borð í togarann Hjörleif RE-211 þar sem hann var að veiðum á Vestfjarðamíðum aðfaranótt sunnudags. Hafði bátsmaðurinn, fertugur maður, orðið fyrir togvör og hlotið innvortis meiðsl.

Hann var fluttur með þyrlunni til Ísafjarðar og þaðan með flugvél á sjúkrahús í Reykjavík. Er óttast að nýra hafi losnað við höggið og liggur maðurinn á gjörgæsludeild. Mun líðan hans vera eftir atvikum þokkaleg. -hlh

Svalbarðsströnd: Kviknaði í heyi

Gylfi Kristjánsson, DV, Akureyri:

Ökumanni flutningabíls með aftanfagn, sem flutti 400 heygagga, tókst að koma í veg fyrir að bifreið hans brynni er eldur kom upp í heyinu.

Þetta gerðist á Svalbarðsströnd í Eyjafirði á laugardag. Er talið að kviknað hafi í vegna neista-flugs úr útblástursróri bifreiðarinnar. Ökumanninum tókst að losa aftanfagninn, sem einnig var fullur af heyi, og gat síðan sturtað heyinu af pallinum áður en eldurinn komst í bifreiðina en heyið brann allt á veginum.

Tólf ára drengur fluttur með þyrlu

Alvarlegt umferðarslys varð á Akranesi í gærkvöldi um klukk- an ellefu. Tólf ára drengur varð fyrir bil á Garðabraut. Drengurinn missti meðvitund og var ósk- að aðstoðar Landhelgisgæslu við að flytja drenginn á sjúkrahús í Reykjavík.

Þyrlan kom á Akranes um mið- nætti. Flögið var með drenginn að Borgarspítalanum. Drengurinn liggur alvarlega slasaður á gjörgæsludeild. -sme

Guðrún Agnarsdóttir, þingkona Kvennalistans:

Styðjum annað skatt- prep og hátekjuskatta

– en samþykkið ekki bráðabirgðalögin um afnám samningsréttar

„Ef tekjuöflunarfrumvörp ríkis- stjórnarinnar samrýmast okkar stefnuskrá þá munum við að sjálf- sögðu styðja þau. Við höfum engan sérstakan áhuga á að fella þessa stjórn sem slíka,“ sagði Guðrún Agnarsdóttir, þingkona Kvennalistans, en það hefur komið í ljós eftir lands-

fundinn á Lýsuhóli að Kvennalistinn getur hugsanlega stutt einhver tekju- öflunarfrumvörp ríkisstjórnarinnar vegna fjárlagafrumvarpsins. Nánari skilgreining á því kom þó ekki fram á fundinum þannig að það biður þingflokksfunda að ákveða nákvæm- lega hvaða frumvörp verða studd.

Guðrún sagði að Kvennalistinn hefði alltaf stutt að tekið væri upp annað skattþrep og einnig skatta á hátekjufólk. Guðrún sagði að það yrði hins vegar alltaf skilgreiningar- atriði hvað væri hátekjufólk.

Engin ákvörðun var tekin á fundin- um um það hvernig atkvæði yrðu

greidd þegar bráðabirgðalögin koma til afgreiðslu. Guðrún sagði hins vegar að ekki kæmi til greina að styðja ríkisstjórnina í að afnema samnings- rétt og frysta laun.

-SMJ



Það var mikið fjör á landsfundi Kvennalistans sem fór fram að Lýsuhóli á Snæfellsnesi um helgina. Á milli um- ræðna um þjóðfélagsmálin gerðu konurnar sér glaðan dag og brugðu sér síðan í leikfimi þess á milli. Ekki voru margir karlmenn mættir á staðinn og sagði fréttamaður útvarps, Arnar Páll Hauksson, að hann væri eini karlmað- urinn á Lýsuhóli.

Umræður á landsfundi Kvennalistans að Lýsuhóli:

Illa búnar undir við- ræður um ríkisstjórn

Vegna fjölda boðsferða til útlanda og þátttöku í norrænu kvennaró- stefnunni í Osló voru kvennalista- konur ekki undirbúnar undir stjórn- arkreppuna í haust. Kvennalistinn missti tiltrú kjósenda við stjórnar- myndunarviðræðurnar og kom sjón- armiðum sínum ekki til skila í gegn- um fjölmiðla.

Þetta sagði Kristín Ástgeirsdóttir í aðalræðu landsfundar Kvennalistans á Lýsuhóli á Snæfellsnesi um helgina. Kristín sagði að kvenna- listakonur yrðu að gæta þess að kynning á Kvennalistanum erlendis bitnaði ekki á flokksstarfinu hér heima.

„Að vissu marki vorum við búnar að dæma okkur sjálfar úr leik þegar til stjórnarmyndunarviðræðna kom

í haust,“ sagði Kristín í samtali við DV. Hún sagði að Kvennalistinn yrði að einbeita sér að því á næstunni að koma málefnum sínum á framfæri við almenning.

Kristín Halldórsdóttir, þingmaður Kvennalistans, segist líta á málflut- ing Kristínar Ástgeirsdóttur sem sannferðuga lýsingu á ástandi Kvennalistans. Hún telur þó ekki að Kvennalistinn hafi verið verr undir- búin fyrir stjórnarkreppuna í haust en aðrir flokkar. „Fall síðustu ríkis- stjórnar bar brátt að og það voru fáir sem gátu undirbúið sig að marki fyrir stjórnarmyndunarviðræður.“

Kristín Halldórsdóttir sagði það rétt að mikill tími kvennalista- kvenna færi í að kynna starfsemina á erlendum vettvangi og að konurnar

yrðu að gæta sín á að það kæmi ekki niður á pólitíska starfinu hér heima. „En við höfum ákveðnum skyldum að gegna gagnvart erlendum kyn- systurum að segja þeim frá reynslu okkar til að þær geti nýtt sér hana,“ sagði Kristín.

Kristín Halldórsdóttir segir að Kvennalistinn sé ekki eins viljugur og gömlu flokkarnir til að setjast í valdastólana án þess að tryggja sín- um málum framgang áður. „Við er- um hugsjónahreyfing og formleg völd án áhrifa eru okkur lítils virði,“ segir Kristín. Hún sagði landsfund- arkonur einhuga um réttmæti þess að Kvennalistinn léði ekki máls á því að fara í ríkisstjórn Steingríms Her- mannssonar.

-pv

Kvennalistinn:

Kristín og Guðrún hætta í vor

„Ég geri ekki ráð fyrir öðru en að við Guðrún Agnarsdóttir hættum á Alþingi í vor,“ segir Kristín Halldórs- dóttir, þingmaður Kvennalistans.

Í anda valddreifingar er það stefna Kvennalistans að skipta reglulega um forystusveit. Fyrir síðustu kosn- ingar sögðu þingmenn Kvennalist-

ans í Reykjavík og á Reykjanesi, þær Guðrún og Kristín, að þær myndu hætta þingmennsku þegar yfirstand- andi kjörtímabil væri hálfnað.

Kristín sagði að útskipting þing- manna hefði ekki verið rædd á lands- fundi Kvennalistans um helgina. Hún teldi það standa sem sagt var

fyrir kosningar og að þær Guðrún myndu hætta í vor. „Ég skal þó ekki segja til um hvort við hættum báðar sama daginn eða hvort við látum ein- hvern tíma líða á milli,“ sagði Kristín Halldórsdóttir.

-pv

Sendiherrastaðan í París:

Albert hugsar málið

Albert Guðmundsson tekur sér frest til mánaðamóta til að velta fyr- ir sér tilboði Jóns Baldvins Hanni- balssonar um sendiherrastöðu í Frakklandi.

„Það er ekki hlaupið að því að kom- ast frá þeim verkefnum sem ég hef tekið að mér. Ég þarf að athuga þetta mál vandlega áður en ég tek ákvörð- un,“ segir Albert.

Albert sagðist vona að það veikti ekki stöðu Borgaraflokksins ef að svo færi að hann tæki sendiherrastöð- unni.

Albert þekkir vel til Frakklands frá því að hann var atvinnuknatt- spyrnumaður þar í kringum 1950, „mín bestu manndómsár var ég í Frakklandi,“ segir Albert.

Albert Guðmundsson sagðist að- spurður vona það að menn geri ekki það lítið úr sér og Borgaraflokknum að telja að verið væri að koma hon- um úr landi með tilboði um sendi- herrastöðu. -pv

Albert tekur ákvörðun á eigin spýtur

– segir Júlíus Sólmes

Þótt Albert Guðmundsson sé tákn Borgaraflokksins mun flokkurinn standast það að hann dragi sig úr pólitíkinni og verði sendiherra í París, að áliti Júlíus- ar Sólmes, varaformanns Borg- araflokksins.

Júlíus Sólmes telur að flokkur- inn standi á sterkum málefna- grunni og að hann muni lifa það af að stofnandi og formaður flokksins, Albert Guðmundsson, þiggi sendiherrastöðu í París sem utanríkisráðherra, Jón Baldvin Hannibalsson, bauð honum.

„Ég lít ekki svo á að Jón Bald- vin eða einhverjir aðrir séu að reyna að losna við Albert Guð- mundsson með því að bjóða hon- um sendiherrastöðu. Það eru mörg ár síðan farið var að ámalga það við Albert að hann tæki við sendiherrastöðu í Frakklandi. Albert þekkir vel til í Frakklandi og gæti reynst þjóðinni vel í stöðu sendiherra.“

„Albert sagði okkur í Borgara- flokknum að hann hefði fengið þetta tilboð og væri að velta því fyrir sér. Að öðru leyti mun hann taka afstöðu til málsins upp á eig- in spýtur, enda er það eðlilegur gangur málsins,“ segir Júlíus.